

Ed.

456. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í desember s. l. voru lögð fram tvö skattafrumvörp, sem í veigamiklum atriðum boðuðu breytingu frá gildandi lögum, sem voru afgreidd s. l. vor. Þótt þessi frv. hafi verið lengi til meðferðar í nefndum, gekk hvorki né rak um afgreiðslu þeirra vegna innbyrðis átaka í stjórnarflokkunum um efni þeirra. Sameiginlegir nefndarfundir fjárhagsnefnda beggja deilda voru nokkrir, en sáralítill árangur kom út úr þeim fundum, þar sem ekki var hægt að taka til meðferðar ákveðnar breytingartillögur, sem þó voru boðaðar af hálfu stjórnarsinna. Svo þegar við í minni hlutanum fengum að sjá þessar tillögur, hefur tími til athugunar verið naumur.

Í meðförum neðri deildar voru gerðar á frv. nokkrar breytingar til bóta, en enn er nauðsynlegt að halda áfram breytingum, og kom það fram í ræðu fjármálaráðherra í efri deild, að áfram verður haldið að endurskoða lög um skattakerfið í landinu, og ber að fagna því. Einnig lofaði ráðherrann, að fulltrúum stjórnarandstöðunnar yrði gefinn kostur á því að vera í þessari endurskoðunarnefnd, og er það góð breyting frá fyrri vinnubrögðum, en hvort tveggja frv. var samið án vitundar fulltrúa stjórnarandstöðunnar, og raunverulega hefur ekki fengizt vitneskja um höfunda tekjuskattsfrv. Það er öllum ljóst, að lög um skattheimtu eru mjög flókin og naumast á færi nema sérþjálfaðra manna að fjalla um þau og koma með breytingar, sem valda ekki misskilningi og leiða af sér málaferli. Það er athyglisvert, að ríkisskattstjóri hefur afhent fjárhagsnefndum deildanna athugasemdir, efnislegar og tæknilegar, upp á rúmlega 13 vélritaðar blaðsíður. Þetta gefur til kynna broðvirknisleg vinnubrögð við undirbúning og samningu frv.

Augljóst er, að ríkissjóður þarf á auknum tekjum að halda, því að fjárlög hafa verið afgreidd með rúmlega 5 milljarða hækkun á útgjöldum. Þessa útgjaldaaukningu verða einhverjir að taka á sig, atvinnufyrirtækin eða einstaklingar. Boðað hefur verið, að fyrirtækin muni taka á sig aukningu um eða yfir 500 millj. og að þeir með „breiðu bökin“ af einstaklingum geti tekið á sig verulega aukna skatta. Við í stjórnarandstöðunni drögum í efa, að frumvörpin feli þetta eingöngu í sér, og teljum, að hinn almenni skattborgari muni vakna við óþægilega staðreynd í sumar, þegar hann fær skattseðil ríkisstjórnarinnar sendan heim til sín.

Raunverulega væri rétt að taka þessi mál nú þegar til þeirrar endurskoðunar, sem fjármálaráðherra hefur lofað, að fram muni fara í sumar. Þess vegna er það aðaltillaga mín, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en jafnframt er Alþýðuflokkurinn reiðubúinn að standa að sérstakri tekjuöflun vegna útgjalda við tryggingakerfið í landinu. Fari svo, að ekki verði fallizt á þetta sjónarmið, hef ég flutt á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur, sem ég vænti, að meiri hlutinn taki jákvæða afstöðu til.

Alþingi, 15. marz 1972.

Jón Árm. Héðinsson.